

SAMÞYKKT

um kattahald í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Kattahald í Borgarfjarðarsveit sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Allir heimiliskettir utan lögbýla í Borgarfjarðarsveit skulu skráðir á skrifstofu hreppsins. Við skráningu fær eigandi hans afhenta númeraða plötu með skráningarnúmeri kattarins og símanúmeri eiganda. Kötturinn skal ávallt bera ól um hálsinn með plötu þessari.

Hreppsnefnd er heimilt að leggja á sérstakt skráningar- og eftirlitsgjald sem nemur sannanlegum kostnaði við skráningu kattarins og árlegt gjald vegna framkvæmdar samþykktar þessarar.

Kattareigandi skal árlega framvísa til hreppsnefndar vottorði dýralæknis, um að kötturinn hafi verið hreinsaður af spóluormum. Þá skal, ef óskað er eftir, framvísa vottorði dýralæknis um að kötturinn hafi verið hreinsaður af öðrum sníkjudýrum.

3. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

4. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. og handsömunargjald samkvæmt 3. gr. skal greitt samkvæmt gjaldskrá sem hreppsnefnd setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Hreppurinn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að láta lóga ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í sveitarfélaginu og kettirnir geymdir í a.m.k. 7 sólarhringa áður en þeim er lógað.

6. gr.

Fyrir hönd Borgarfjarðarsveitar annast eftirlitsmaður á hennar vegum, framkvæmd og eftirlit með kattahaldi í hreppnum samkvæmt samþykkt þessari. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu, þegar þörf krefur en að öðru leyti starfar hann í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar við sin eftirlitsstörf.

7. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

8. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 27. júní 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.